Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08 2026




AFSTÖÐUMYND (TILLAGA B)

Byggingarlýsing :

Digranesheiði 45.
Íbúðirnar eru ekki hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar.

Húsið er staðsteypt, þ.e gólfplötur, loftplötur, útveggir og berandi innveggir. Bílskúr verður uppgerður, veggir steinsteyptir, þak, sperrubyggt og járnklætt REI60, bílskýli er steinsteypt veggir og þak REI60.

Gólfplata og sökklar jarðhæðar eru einangraðir við fyllingu með 100 mm steinull.
Útveggir eru einangraðir að innan með 100 mm steinull og múrhúðaðir bæði að utan og innan.
Steyptir innveggir eru múrhúðaðir og innveggir við votrými eru hlaðnir og múrhúðaðir, aðrir innveggir er grindarbyggðir og með steinull og klæddir gifsplötum.
Þakið er einangrað á pappalagða steypta þakplötu (ath. vatnshalla) með 250 mm roof-mate einangrun og fergt á grisjudúk með hellum. Bílskúrsþak REI60 er klætt bárujárni, hallandi þak bílskýlis er steinsteypt REI60.
Þak hússins er afvatnað með halla frá „mæni“ að suður- og norður-hliðum að utanáliggjandi niðurföllum úr stáli í sama lit og veggir.
Svalahandrið eru steinsteypt og með glerræmu í löglega hæð (öryggisgler).
Húsið er með gólfhita og loftræst um opnanlega glugga, nema eldhús, böð og snyrtingar, sem eru án glugga og eru vélrænt loftuð sbr. 10.2.5. gr. byggingarreglugerðar.
Gluggar og hurðir eru ísettir smíðaðir úr timbri með álglerlistum. Þétting glugga (talið að utan): Illmod borði, tróð, þéttislanga og þéttiefni yfir. Yfir þéttingar að utan og undir glerlista skal setja állista og vatnsbretti úr 2 mm áli. Gluggar, hurðir, flasningar og vatnsbretti, skilveggir og þak eru í gráum lit Ral 7037.
Gler í gluggum er tvöfalt versmiðjugler, glugga og gler skal miða við ÍST. 12 grunngildi vindálags q=2.0kNm2. Gler í gluggafögum við gólf er öryggisgler sama gildir um gler í hurðum sbr. Rb (31).121.1.
U-gildi: útveggir 0,36, gluggar 1,2, þak 0,2, gólf 0,23.
Útveggir eru málaðir í ljósum lit Ral 1013.
Gólf: stofur, eldhús og svefnherbergi eru lögð harðparketti og gólf í anddyri, þvottahúsi og geymslu eru flísalögð. Gólf í bílskúr málað, gólf í bílskýli er hellulagt.
Innveggir og loft eru máluð í sama lit og úti Ral 1013.
Úti-, svala-,herbergis- og baðherbergishurðir þar eru hurðarspjöld 90 x 200 cm. snyrtinga- og geymsluhurðir 80 x 200cm.
Veggir snyrtinga eru flísalagðir að hluta.
Inntök veitna eru í geymslu á neðri hæð.
Varmaskiptir skal vera á heitu neysluvatni (max. 60°)
Brunavarnir:
Veggur milli húsanna uppfylli a.m.k. REI90.
Hæðarskil eru a.m.k. REI60.
Þakvirki eru a.m.k. R30/R60.
Allar klæðningar inni og úti eru í flokki 1.
Þakklæðning er a.m.k. í flokki B(roof)t2.
Í hverri íbúð eru reykskynjarar, a.m.k. einn á hverja 80 m2.
Slökkvitæki eru í hverri íbúð, t.d. 6 L léttvatn, staðsett v/anddyrishurð.
Veggur bílskúrs að lóðarmörkum er A-REIM120 og þak REI60
Veggur bílskýlis að húsi REI60 og þak REI60
Lóð :
Lóðir eru jafnaðar og þökulagðar og aðgreindar með trjágróðri.
Aðkoma: gangstéttir og verandir verða hellulagðar.
Sorpskýli er við götu.

Stærðir :

| | | |
|---|---|---|
| **A rými matshluti 01** | | |
| 1. Hæð | 250.0 m2 | 687.5 m3 |
| 2. hæð | 238.6 m2 | 702.4 m3 |
| Botn | | 50.0 m3 |
| Samtals | 488.6 m2 | 1439.9 m3 |
| **A rými matshluti 02** | | |
| Bílskúr | 50.3 m2 | 125.0 m3 |
| Botn | | 7.5 m3 |
| Samtals | 50.3 m2 | 132.5 m3 |
| **B rými matshluti 03** | | |
| Bíl- og reiðhjóla-skýliskýli | 45.3 m2 | 116.0 m3 |
| Botn | | 6.8 m3 |
| Samtals | 45.3 m2 | 122.8 m3 |

Lóð 1118.0 m2

Nýtingarhlutafall A-rými 538.9 / 1118.0 = 0.48
Nýtingarhlutafall með B-rýmum 584.0 / 1118.0 = 0.52

| Br. nr. | Dags. | Af. | Breyting |
|---|---|---|---|
| A | | | |
| B | | | |
| C | | | |
| D | | | |
| E | | | |

TEIKNISTOFAN ÓÐINSTORGI STOFNUÐ 1965

ARKITEKTAR BYGGINGAFRÆÐINGAR INNANHÚSSHÖNNUÐIR

HELGI HJÁLMARSSON ARKITEKT FAÍ
BJÖRN HELGASON BYGGINGAFR. BFÍ
LENA HELGADÓTTIR ARKITEKT FAÍ

ÓÐINSGATA 7
101 REYKJAVÍK
TEL +354 510 2200
FAX +354 510 2201
MAIL to@to.is

HÖ.STJR. :
VERKEFNI : DIGRANESHEIÐI 45, KÓPAVOGI
HEITI : AFSTÖÐUMYND, TILLAGA-B (4)
L. 114182

M: 1:500
T. BH
DAGS. 11. 1.. 2023
NR. 1290-1-1X